


Fermingarblað Vífils 1988

1. TÖLUBLAÐ

1988

10. ÁRGANGUR



Húseigendatrygging er sjöföld trygging!



- Vatnstjónatrygging
- Glertrygging
- Foktrygging
- Brotflutnings- og húsaleigutrygging
- Innbrotstrygging
- Sótfallstrygging
- Ábyrgðartrygging húseigenda



Brunabótafélag Íslands

LAUGAVEGI 103, 105 REYKJAVÍK. SÍMI 26055.
UMBOD GARÐABÆJAR - GARÐATORGI 5 - SÍMI 651740

Kæru bæjarbúar

Núna í ár eru liðin tíu ár síðan Fermingarblað Vífils kom fyrst út og má því segja að það sé orðið að föstum lið í starfi félagsins. Í blaðinu hafa alltaf verið fréttir og myndir úr starfi félagsins auk þess sem í blaðinu eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju. Þetta er allt gert í tengslum við sölu fermingarskeyta sem er bæði bæjarbúum til þæginda og félaginu til styrktar. Nafnalistarnir í þessu blaði eru eins og þeir lágu fyrir þegar

blaðið fór í prentun. Líklegt er að ýmsar breytingar hafi orðið á listunum frá þeim tíma.

Í ár verða þó nokkrar breytingar frá því sem áður var og vonumst við til þess að þær falli í góðan jarðveg. Er þar helst að nefna að nú í fyrsta sinn fer salan á skátaskeytunum fram í skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 hér í bæ.

Innheimta á skátaskeytum verður gerð með girósedlum og þeir bornir út eftir



fermingarnar og að auki verður boðið upp á greiðslukortapjónustu. Einnig viljum við benda fólki á að hægt verður að fá skrautrituð skeyti eins og áður, en það hefur mælst mjög vel fyrir.

Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægjuleg og góð viðskipti við bæjarbúa eins og undanfarin ár.

*Skátakveðja,
Ritstjórnin*



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill
Hraunhólum 12.

Ábyrgðarmaður
Þór Ingólfsson

Ritstjórn
Gunnar Gunnarsson
Högni Gunnarsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Kjartan Reinholdsson
Sigríður Þorgilsdóttir
Þorsteinn Franzson

Myndir:
Högni Gunnarsson
Jóhann Georg Pálsson
Valgerður Halldórsdóttir

Setning:
Björn Hilmarsson

JAMBOREE - Alheimsmót skáta í Ástralíu

Árfa morguns þann 23. desember 1987 komu saman 112 eiturbressir skátar, með hárið vel greitt og í stífpressuðum skátabúningum, við Snorrabraut 60 í Reykjavík. Eftir miklar myndatökur, maginn orðinn fullur af mat og allir höfðu kvatt fjölskyldur sínar var lagt af stað í ferðina til fyrirheita landsins.

Frá Reykjavík fórum við til Keflavíkur og þaðan með Flugleiðum til London.

Í London, nánar tiltekið Chalfont Heights, var glatt á hjalla og borðuðu þar 112 skátar jólamatinn sinn, íslenskt hangiket með baunum og rauðkáli.

Á hádegi aðfangadags lögðum við svo af stað "niður eftur". Leiðin var löng og ströng en þó stytta bíómyndirnar eftirvæntingarfullum skátum stundirnar. Eftir 13 tíma flug milliléntum við í Bangkok, Thailandi og þótti það hin kærkonnasta tilbreyting.

Eftir klukkustundarstopp skridum við aftur í holurnar okkar, - bústað okkar yfir jólanóttina. Vélín var nú aftur full af gosi fyrir illa þyrsta skáta frá Íslandi, en það hafði klárast nokkru áður en við komum til Thailands.

Eftir alls 26 tíma frá flugtaki í London lentum við í Sydney. Þar áðum við í eina klukkustund og svo var farið til Melbourne.

Í Melbourne var okkur skipt niður í hópa og komið fyrir í skátaheimilum. Næstu tvo daga komu svo ástralskar fjölskyldur og náðu í okkur, tvo og tvær í einu. Mikið var gert sér til skemmtunar í Melbourne og má þar nefna: strandferðir, skoðunarferðir, dýrargarðar kannaðir, flatmagað við sundlaugar, tívoliferðir og einnig voru vatnsrennibrautir nokkuð vinsælar og síðast en ekki síst kynntumst við áströlsku fjölskyldulífi.

Á gamlársgang fórum við enn einu sjóni í flugvél, þá til stærsta borgar Ástralíu, Sydney. Þaðan fórum við svo með rótu á Alheimsmót skáta í

Cataract Scout Park. Opnunarathöfnin var þegar hafin þegar við mættum á svæðið, en hún var á sviði sem er ekki minna um sig en sviðið í Háskótabíói.

Á miðnætti var mótið sett og um leið fagnað nýju ári (11 tímum á undan Íslendingunum heima) með flugeldasýningu og svo dans og söng fram eftir nóttu.

Fyrsta daginn á mótinu var svo sannarlega nóg að gera við að setja upp tjöldin og byggja tjaldbúðir, sem áttu eftir að daga okkur í heila 10 daga. Loks var svo íslenski fáninn dreginn að hún og þjóðarstoltið kom fram í brsmildum Íslendingum sem voru orðnir heldur skítugir í þurru og heitu veðri Sydney svæðisins.

Á mótinu var dagskráin margþætt og má þar nefna hina sívinsælu vatnsrennibraut, útsýnisflug yfir svæðið og Sydney, klifur og sig, bogfimi, hellakönnun, íþróttir, hjólarally, ratleikir, hike-ferðir um nærliggjandi skóga, svo ekki sé minnst á strandferðir, sem Íslendingar voru mjög hrifnir af (en komu þó misjafnlega vel út úr í hinni sterku sól suðursins). Einnig var dagskrárliður sem þótti einstaklega skemmtilegur eins og hann var erfiður. Hann hét Askorendadalurinn, en þar var 1300 metra löng þrautabraut sem sett var upp til að þjálfa ástralska herinn, og voru þrautirnar eftir því. (Þess má geta að íslensku strákarnir fylltust stolti er útlendingarnir gáfust upp á þrautum og íslensku stelpurnar tóku fram úr þeim).

Á kvöldin var ekki heldur setið auðum höndum og víða var troðið upp á litum sviðum. Einnig spilaði símfónuhljómsveit Sidneyborgar á aðalsviðinu eitt kvöldið, rokkónleikar annað kvöldið, djasstónleikar það þriðja og þannig koll af kalli. Eitt kvöldið komu allar Norðurlandahjóðirnar saman og héldu sameiginlegan varðeld. Þar komu allar þjóðir með skemmtiatriði og vakti íslenski skátakórinn mikla



lukku.

Veðrið var í heildina mjög gott, eiginlega helst til heitt fyrir okkur Frónbúa, sem komum beint úr mesta skammdeginu í hita og sól sem fáir þekktu áður. Þó fengum við svara daga af og til og þótti okkur þeir vera sem himnasending. Að vísu kom eitt kvöldið hið fræga "óveður" sem einkenndist af þrumum og eldingum, 70 hnúta vind og rigningu, - en það var nú vel stætt útivið. Lauslegir hlutir fuku þá út um allt og töluvert af tjöldum losnaði upp. Allt endaði þetta þó vel og hlutirnir komust fljótt í samt lag næsta dag. Við Íslendingarnir fengum sérstök verðlaun fyrir góðan undirbúning og frágang vegna óveðursins. Þann 9. janúar var mótinu slitið og var ekki laust við að mörgum þætti

það súr biti þar sem tíminn hafði liðið svo afskaplega hratt. En við kvóddum vini okkar með virktum og tókum við svo næstu tvo daga í það að taka niður okkar svæði og pakka niður dótinu okkar. Það var svo 11. janúar sem við vorum enn á ný sótt af Áströlskum fjölskyldum, að þessu sinni Sidneybúum. Með þeim fjölskyldum vorum við í sex daga í sól og sumaryl og sáum margt nýtt. Hjá sumum fjölskyldum var stíff dagskrá alla daga en hjá öðrum aðeins lausari. En hvernig sem það var nú voru allir hardánægðir að lokum og þann 17. janúar héldum við heim á leið.

Tíminn var nú ekki jafn fljótur að líða á leiðinni til London eins og til Sidney, enda fengum við 11 tímana okkar til baka. Í London var dvalið

í 2 - 4 daga eftir efnum og ástæðum og sáum þar hið markverðasta sem þar er að skoða og einnig fengu kaupóðir útrás í búðum Lundúnaborgar.

Þessi ferð tókst í alla staði vel og er ómetnanleg lífsreynsla sem aldrei gleymist. Minningarnar eru góðar og fágætar, bæði frá ferðinni og þeim langa undirbúningi sem að henni stóð. Okkur þremmenningunum úr Vífli var þessi ferð lærdómsrík og vonum við að það komi sér vel fyrir félagið okkar hér í Garðabæ á komandi árum.


*Jóhann Georg Pálsson
Sigurður Bjarni Sigurðsson
Valgerður Halldórsdóttir*





Við veitum lípra og ófluga þjónustu, við tökum vel á móti þér.

TRAUSTUR BANKI TEKUR VEL Á MÓTI ÞÉR



Arni Emilson stjórnstjóri

Í Búnaðarbankanum Garðatorgi eru Garðbæingar á heimavelli. Í rúman áratug höfum við átt ánægjuleg samskipti við bæjarbúa. Í Búnaðarbankanum er það afl sem nauðsynlegt er til að framsækið fólk fái þá þjónustu sem það þarf á að halda.

Í Búnaðarbankanum er alhliða bankaþjónusta og allar deildir bankans eru opnar í aukatímanum kl. 17 til 18 á fimmtudögum. Í Búnaðarbankanum er hraðbankinn opin allan sólarhringinn.



GÓÐUR GRANNI
BÚNAÐARBANKINN

GARÐATORGI 5 - SÍMI 656600

Skátaping í Garðabæ, haldið 8. - 10. apríl 1988.

Dagana 8. til 10. apríl verður haldið Skátaping hér í Garðabæ. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt þing er haldið hér í bæ og viljum við kynna hvað hér verður um að vera þessa daga. Þetta er nokkurs konar "landsfundur" Bandalags íslenskra skáta þar sem teknar eru allar helstu ákvarðanir varðandi skátastarfið á Íslandi næsta árið. Á síðasta þingi sem haldið var í Vestmannaeyjum í fyrra var ákveðið að halda svona þing á hverju ári. Einnig var samþykkt að deildarforingjar mættu líka vera með atkvæðisrétt en áður voru það einungis félagsforingjar og fulltrúar fyrir hverja byrjaða 75 skáta úr hverju félagi sem höfðu setu- og atkvæðisrétt. Þetta leiðir til þess að

fjöldi þeirra sem rétt hafa til þingsetu verður mun fleiri en áður og búumst við í Víflí við allt að 250 skátum á þingið. Þingið verður haldið í félagsmiðstöðinni Garðalundi og einnig verður þar matar-, svefn- og vinnuadstaða. Undirbúningur hefur verið í gangi undanfarna mánuði því vissulega er margt sem þarf að íhuga þegar taka skal á móti svona stórum hópi.

Við viljum endilega biðja alla þá sem hafa íhuga á að liðsinna okkur að hafa samband við félagsstjórnina -því oft var þörf, en nú er nauðsyn.



Skátaskeytin eru falleg og ódýr.

Hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ


Hátíðahöld sumardagsins fyrsta næst komandi verða með hefðbundnum hætti eins og hin fyrri ár. Skátamessa verður í Garðakirkju klukkan 11 og verður þar meðal annars vígsla nýrra meðlima og afhentar viðurkenningar fyrir gott starf innan félagsins.

Skrúðgangan hefst svo eins og

venjan er klukkan 14 eða klukkan tvö. Gengið verður frá mótum Karlabrautar og Hofstaðabrautar til skátaheimilisins að Hraunhólum 12. Þar verður fánahylling og að henni lokinni verður margt um dýrðir. Skátaheimilið verður opið og hægt að tylla sér niður og fá sér kaffibolla eða skoða þær


framkvæmdir sem skátamir verða með fyrir utan. Þar verður þrautabraut og margt fleira og er ætlunin að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Garðbæingar, komið nú og takið þátt í hátíðarhöldunum og hjálpið okkur að kveðja veturinn og fögnum sumri með von um sól og sumaryl.



Fyrir páskana

Fjölbreytt úrval.
Ungar, gulur sandur
og servíettur, allt í
gulu um páskana



Gerum skreytingar við öll
tækifæri.
Alltaf til ný og fersk afskorin
blóm.



Fyrir ferminguna



- *Kerti, servíettur og kertahringir í mörgum litum.*
- *Mikið af blómum og blóma-skreytingum.*
- *Látum prenta á servíettur.*

BURKNI

Páskablómin fáid þið hjá okkur

Vekjum athygli á opnunartíma um hátíðirnar:

Skírdag 9-21, föstudagurinn langi lokað, laugardagur 9-21,
páskadagur lokað, annar í páskum 9-21.

Goðafón 2, Garðabæ, s. 44180 • Linnetsígur 3, s. 50971 • Reykjavíkuregur 66, s. 652020

Noregsferð skáta úr Vífli og Hraunbúum 1987


Að morgni fimmtudagsins 30 júlí síðastliðinn fóru skátar úr skátafélaginu Vífli og einnig skátar úr skátafélaginu Hraunbúum í Hafnarfirði á skátamót í Noregi. Þetta mót var haldið af vinabæjum Hafnarfjarðar og Garðabæjar og höfðu skátar þaðan boðið gestum sérstaklega frá Íslandi.

Lagt var af stað klukkan 5 um morguninn frá Hafnarfirði og komið var til Leifsstöðvar um klukkan 6. Þar tók dágóða stund að koma öllum farangrinum fyrir en tókst þó að lokum. Klukkan 8 fór vélin svo í loftið og um hádegisbil var lent í Osló. Þar var farið með hópinn á skátaheimili og dvöldum við þar í tvo daga. Síðan var haldið á mótið og var mikið fjör þar. Við stóðum okkur mjög vel í flokkakeppni mótsins og kom íslenski hópurinn með megnið af þeim verðlaunum sem veitt voru á mótinu. Að vísu urðum við að láta okkur nægja annað sætið í blakmótinu, en þar sem liðin voru 62 er það nú ekki svo afleitur árangur. Mikið rigndi meðan á mótinu stóð en við létum það nú lítið á okkur fá.

Á hverjum degi voru tveir stórir dagskrárliðir sem voru í gangi allan daginn. Einnig var sólarhrings gönguferð þar sem sofið var undir berum himni og þótti hún með betri dagskrárliðum mótsins. Að mótinu loknu var farið í stóran skátaskála, í nágrenni Osló, sem hét Grönland.

Þar dvöldum við í fimm daga í góðu yfirlæti og þann 12. ágúst komum við heim, ánægð eftir góða ferð.

Högni Gunnarsson
Atli Sveinn



Garðbæingar - skátaskeytin eru falleg

Fermingar í Garðakirkju vorið 1988

27. mars kl. 10.30 f.h.

Barbara K. Kristjánsdóttir
Eskihlíð 16 A, Rvk.
Berglind Haðardóttir
Dalsbyggð 14
Díana R. Friðþjófsdóttir
Lyngmóum 11
Guðrún S. Þorgrímsdóttir
Smáraflöt 38
Hrund Guðmundsdóttir
Skógarlundi 9
Magnea G. Karlsdóttir
Prastarlundi 18
Sigrún B. Einarsdóttir
Ásbúð 96
Sigrún H. Sigurðardóttir
Geithömrum 8, Rvk
Sólrun P. Bjarnadóttir
Ásbúð 46
Thelma Ó. Sveinsdóttir
Skógarlundi 11

Alfred Hauksson
Pernunesi 5
Bjarki Björgúlfsson
Faxatúni 20
Björgvin Clausen
Goðheimum 19, Rvk
Einar M. Þórðarson
Ljósheimum 6, Rvk
Guðmann Kristjánsson
Faxatúni 4
Haukur J. Hauksson
Holtsbúð 93
Hrólfur Einarsson
Bakkafliet 10
Jóhannes Ó. Erlingsson
Háholti 6
Matthias P. Imsland
Goðatúni 5
Óskar T. Svavarsson
Bakkafliet 9
Ragnar Jónsson
Aratúni 16
Pétur G. Jónsson
Sunnufliet 10
Sigurður K. Egilsson
Haukanesi 11

27. mars kl 14 e.h.

Guðlaug Ó. Svansdóttir
Ásbúð 52
Guðrún Kvaran
Gígjulundi 4
Hallveig Rúnarsdóttir
Sunnufliet 7
Hjördís Jónsdóttir
Kjarrmóum 48
Hulda B. Finnsdóttir
Heiðarlundi 8
Jóna D. Steinarsdóttir
Markarflöt 11
Linda Einarsdóttir
Hraunbrún v/Alftanesv.
Ragna E. Kvaran
Hörpulundi 3
Ragnheiður Gunnarsdóttir
Keldulandi 3, Rvk.
Sigrún H. Hinriksdóttir
Einilundi 2
Sonja B. Hauksdóttir
Hraunholtsvegi 8
Steinunn H. Sigurðardóttir
Espilundi 2

Arnar Halldórsson
Lyngmóum 7
Atli S. Guðmundsson
Sunnufliet 18
Bergþór Leifsson
Hlíðarbyggð 1
Guðmundur H. Axelsson
Görðum
Guðmundur J. Guðmundss.
Marargrund 3
Haukur Þ. Hauksson
Pernunesi 8
Jóhannes F. Matthíasson
Hlíðarbyggð 18
Jón Ragnars
Hæðarbyggð 6
Krištofjörn Búason
Ásbúð 94
Lárus S. Blöndal
Hlíðarbyggð 9
Sigmar Jack
Blíkanesi 2
Víðir A. Ólafsson
Brekkubyggð 47

4. apríl kl. 10.30 f.h.

Agnes B. Elfar
Móafliet 7
Anna S. Guðjónsdóttir
Holtsbúð 69
Bryndís Garðarsdóttir
Ásbúð 51
Edda H. Halldórsdóttir
Hagaflöt 1
Elísabet M. Stefánsdóttir
Lækjarfit 5
Katrín Í. Jónsdóttir
Heiðarlundi 1
Kristín B. Valdimarsdóttir
Brekkubyggð 55
Lilja G. Jóhannesdóttir
Grenilundi 11
Marý B. Steingrimsdóttir
Fífumýri 12
Selma Björnsdóttir
Löngufit 36
Sigrún Þorsteinsdóttir
Hrísholti 11
Sigurborg A. Ólafsdóttir
Ásbúð 74
Snjólaug Birgisdóttir
Ásbúð 84

Ásmundur Sævarsson
Hæðarbyggð 2
Benedikt Haraldsson
Bakkafliet 8
Eyjólfur Ó. Jónsson
Ásbúð 92
Guðbjörn Þ. Sigurðsson
Hrísmóum 1
Guðmundur T. Jónsson
Hegranesi 24
Ingólfur Jónsson
Haukanesi 21
Ívar Ragnarsson
Mávanesi 22
Jón Ó. Arnarson
Ásbúð 82
Lúðvík Jónsson
Ægisgrund 14
Óskar Guðjónsson
Reynilundi 8
Rúnar P. Sigmundsson
Ægisgrund 15
Snæbjörn P. Stefánsson
Heiðarlundi 7

Tryggvi Ö. Valsson
Hörgatúni 3
Örnólfur Elfar
Móaflöt 7

4. apríl kl. 14 e.h.

Andrea Róbertsdóttir
Löngumýri 1
Birna Bragadóttir
Túngötu 27, Álftanesi
Bjarney Jóhannsdóttir
Ásbúð 8
Björk Eidsdóttir
Holtsbúð 49
Elín A. Þórisdóttir
Súlunesi 4
Ingibjörg M. Haraldsdóttir
Hofslundi 13
Jóhanna Í. Guðmundsdóttir
Hofslundi 10
Margrét Y. Richter
Hæðarbyggð 17
Sara Elíasdóttir
Kirkjulundi 4
Stella A. Wheeley
Laufási 2

Aðalsteinn I. Ragnarsson
Hrísmóum 9
Birgi Gunnarsson
Löngumýri 2
Brynjar M. Magnússon
Éspilundi 7
Gunnar F. Gunnarsson
Hörpulundi 4
Hafsteinn P. Hafsteinsson
Prastarlundi 4
Jóhann S. Ingimundarson
Reynilundi 7
Jón G. Jónsson
Engimýri 4
Kári F. Únnsteinsson
Breiðási 5
Oddur R. Þórðarsson
Löngufit 7
Sigurbergur Árnason
Hæðarbyggð 12
Styrmir Sigurjónsson
Hraunhamri v/ Álftanesv.
Sveinn P. Jónsson
Hvannalundi 2

10. apríl kl. 10.30 f.h.

Ásthildur Björnsdóttir
Aratúni 42
Brynja Guðmundsdóttir
Holtsbúð 27
Esther B. Bjargmundsdóttir
Hlíðarbyggð 23
Eva Ú. Hilmarsdóttir
Fífumýri 14
Fjóla V. Árnadóttir
Bæjargili 11
Helga Tryggvadóttir
Lækjarási 4
Hrund Gunnsteinsdóttir
Lindarflöt 50
Hrönn H. Hinriksdóttir
Sunnufliet 21
Inga B. Eiríksdóttir
Aratúni 28
Ingibjörg S. Sveinsdóttir
Asgarði 2
Kolbrún A. Villadsen
Hrísmóum 2 b

Ásgeir B. Ásgeirsson
Norðurtúni 20, Álftanesi
Ellert V. Harðarson
Löngumýri 39
Einar Sigurðsson
Kjarrmóum 9
Friðrik Þorsteinsson
Smáraflöt 28
Gottskálf Gizurarson
Engimýri 13
Guðfinnur S. Karlsson
Hörgatúni 23
Guðmundur Aðalsteinsson
Ásbúð 28
Gunnlaugur Árnason
Fífumýri 13
Gylfi Svavarsson
Smáraflöt 35
Ólafur B. Stephensen
Hraunhólum 16

10. apríl kl. 14 e.h.

Aníta B. Helgadóttir
Brekkubyggð 22
Anna S. Pálsdóttir
Hæðarbyggð 24
Eva H.W. Kristjánsdóttir
Breiðási 1
Guðbjörg S. Halldórsdóttir
Ásbúð 34
Guðný H. Bachmann
Blíknesi 31
Guðrún Ingólfssdóttir
Prastarnesi 22
Halla Rósenkranz
Hrísmóum 13
Henny H. Hafsteinsdóttir
Ránargrund 1
Yris O. Arnardóttir
Hæðarbyggð 15
Nanna Jónsdóttir
Dalsbyggð 16
Ólöf A. B. Guðjónsdóttir
Holtsbúð 1
Þorbjörg Jónsdóttir
Brekkubyggð 24

Andrés B. Sighvatsson
Aratúni 11
Brynjólfur J. Baldursson
Dalsbyggð 8
Eiríkur B. Þorsteinsson
Hraunhólum 11
Eiríkur R. Eiríksson
Ásbúð 2
Guðmundur Kárasen
Hrísholti 13
Gunnar H. Gunnarsson
Holtsbúð 8
Ragnar H. Guðjónsson
Holtsbúð 13
Ríkharður Amar
Vesturvangi 42, Hafnarf.
Sigurður H. Pálmason
Holtsbúð 46
Þór Bæring Ólafsson
Holtsbúð 18

Hvernig á að senda skátaskeytin



Tekið verður á móti pöntunum í skátaheimilinu
Vífilsfelli við Hraunhólum 12 í Garðabæ.

Opið verður milli klukkan 10 og 17.

Einnig verður hægt að hringja í síma 51989 og 52820 og panta skeyti. Vakin er athygli á greiðslukortabjónustu og er hægt að hringja og gefa upp greiðslukortanúmerið.

Verð á skeytunum er:

Vélrituð kr. 250.

Skrautskrifuð kr. 500.

Skeytin verða afgreidd í sérstökum möppum.

Áletrunin á skeytunum er:

Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn.

Einnig verður tekið á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog þá daga sem fermt er. í Garðakirkju.



Vekjum athygli á því að skátaskeytasalan verður í skátaheimilinu nú í fyrsta sinn. Einnig bendum við á að hægt er að greiða skátaskeytin með greiðslukortum.

Til þeirra sem ætla að senda skátaskeyti.

Núna í ár ætlum við í Vífli að breyta fyrirkomulagi skátaskeytasölnunnar allverulega. Er þar auðvitað númer eitt að salan fer fram í skátaheimilinu og einnig er ætlunin að breyta innheimtuadferðinni all nokkuð. Í stað þess að koma og rukka alla þá sem senda skeyti geta viðskipatvinir okkar greitt skeytin með greiðslukortum. Fyrir þá sem ekki greiða með greiðslukortum verður búinn til girósedill og hann sendur

út í vikunni á eftir síðastu fermingu í Garðakirkju. Þetta er gert til að auðvelda okkur innheimtuna því ansi oft komu skátar að tómunum húsum og oft þurfti að fara nokkrum sinnum til að hitta á íbúana heima við. Með þessu vonumst við til að auðvelda báðum aðilum þennan þátt skeytasölnunnar og vonum við að þið bæjarbúar séuð okkur sammála.

Með skátakveðju,
Skeytanefndin.



Denny's

RESTAURANT

Fjölbreyttur matseðill

Denny's borgarar

Hamborgarar

Pítur 8 tegundir

Samlokur

Kjúklingar

Kótelettur

Fiskur




Opið alla daga frá 11.00 – 22.00

Denny's

ÖÐRUVÍSI SKYNDIBITASTAÐUR

IDNBÚÐ 8 · 210 GARDABÆ · 641290



**Kjörbók Landsbankans - Góð bók
fyrir bjarta framtíð**



Á FERÐ - Vörðurnar vísa veginn - Ný skátadagskrá.


Núna í ár er um miklar breytingar að ræða innan skátahreyfingarinnar. Helstar ber að nefna að bóúð er að skipta um skátabúning og er hann eiginlega í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða ljósbláa skyrtu með vínrauðum klút sem er nokkurs konar háttíðarbúningur og hins vegar dökkblá bómullarpeysa sem er ætluð sem vinnubúningur, þ.e. notaður í útilegum, gönguferðum og þess háttar. Aðrar breytingar eru þær að um einskonar byltingu er að ræða varðandi flokkastarfið og undirbúning þess. Þetta er gert með nýrri skátadagskrá sem hlotið hefur nafnið "Á ferð". Þetta er mjög skemmtilega uppbyggð dagskrá sem leyfir öllum að spreyta sig í foringjahlutverkinu og er það gert með því að hver einstaklingur er gerður að flokksforingja í þrjá mánuði í senn. Þessir þrjú mánuðir eru kallaðir starfstímabil og þegar því lýkur er næsti valinn til að gegna flokksforingjastöðunni. Þá er haldið flokksforingjanámskeið fyrir þá sem byrja að vera flokksforingjar í upphafi tímabilsins. Með þessu móti, er ætlunin að sem flestir reyni hvernig það er að vera flokksforingi og stjórna öðrum. Allt þetta er gert með aðstoð nýrra bóka sem komu út nýverið. Þar fá allir einstaklingar sína bók og flokkarnir eignast svokallaðar flokksmöppur sem er notuð til að starfa eftir og vinna þau verkefni sem eru í einstaklingsbókunum. Í þessum bókum eru verkefni sem skipt er í 4 flokka en þeir eru Hæfni, Fólk, Náttúran og Þjóðin. Þessi verkefni sem í heild eru kölluð grunnnámsverkefni leysir hver skáti útaf fyrir sig en í heildina vinnur flokkurinn að stærri verkefnum sem kölluð eru starfsverkefni. Hvert starfsverkefni flokksins getur innihaldið mörg grunnnámsverkefni. Að viðbættu þessu eru svo vörðumerkin en vörðurnar eru viðurkenningar til þeirra skáta og skátaflokka sem vinna vel og skipuleggja sitt starf á starfstímabilinu. Varðan er

viðurkenning sem hver einstakur skáti og flokkurinn í heild stefnir að. Til þess að vinna vörðu þarf að ljúka ákveðnu lágmarks skátastarfi á hverju tímabili. Skáti sem tekur þátt í venjulegu skátastarfi á að geta fengið skátavörðu án mjög mikillar fyrirhafnar.

Vörðurnar eru tvöns konar þ.e. skátavarðan og flokksvarðan. Skátavörðuna fá einstakir skátar sem hafa tekið þátt í starfsverkefnum flokksins á starfsárinu og hafa lokið minnst 16 grunnnámsverkefnum á starfsárinu. Flokksvarðan er viðurkenning til flokksins í heild en til að fá hana verður flokkurinn að hafa lokið við eitt starfsverkefni úr hverjum flokki starfsverkefna. Flokkar starfsverkefnanna eru : Flokkurinn aflar vana, Flokkurinn ferðast, Flokkurinn ber ábyrgð og Flokkurinn er viðbúinn. Eins og sést á þessari upptalningu



eru miklar breytingar um garð gengnar í skátahreyfingunni og er þetta örugglega breyting til batnaðar. Þessi dagskrá býður upp á margt nýtt og skemmtilegt fyrir skáta og gerir starfið enn meira þroskandi og lærdómsríkara en áður og er það von okkar í Vífli að þetta muni skila sér í betra og árangursríkara starfi.



Stjórn Vífils skipa

Björn Hilmarsson
Félagsforingi

Karl Rúnar Þórsson
Aðst. félagsforingi

Guðfinna Dröfn Aradóttir
Ritari

Þór Ingólfsson
Gjaldkeri

Halldór Magnússon
Meðstjórnandi.

Bókasafn Garða

V/ Vífilstaðaveg
210 Garðabæ
Sími 52687.

OPÍÐ:

Mánudaga kl. 9 - 19
Þriðjudaga kl. 9 - 19
Miðvikudaga kl. 9 - 19
Fimmtudaga kl. 9 - 19
Föstudaga kl. 9 - 19

Lokað á laugardögum.

Útlán: Frá klukkan 13.

Lánstími bóka og reglur:

Hverjum lánþega er heimilt að fá 3 bækur á skírteini.

Skemmist bók eða týnist, greiðist hún með nýrri eða andvirði hennar.

Eftirtaldin fyrirtæki styrktu útgáfu þessa blaðs:

*Bitabær
Ásgarði
Sími 50050.*

*Golfvörur sf.
Goðatúni 2
Sími 651044.*

*Söluturnin Hrístorg
Hrístorgi 4
Sími 656540*

*Vélás - bifreiðaverkstæði
Tangarhöfða 6
Sími 673735*

Hellaleiðangur flokksforingja upp í Heiðmörk

Dagana 23. - 24. janúar síðastliðinn fóru nokkrir hressir skátaforingjar í útilegu upp í hinn frábæra skála Vífils, en hann heitir Vífilsbúð. Ætlunin var að ræða málin og skipuleggja starf sveitanna og einnig að skemmta okkur svolítið í leiðinni. Var byrjað á því að setja útileguna og að því loknu var haldinn fundur þar sem lagt var á ráðin fyrir starfið næstu vikurnar.

Þegar fundurinn var búinn var drukkið kvöldkaffið og áður en nokkur vissi voru allir komnir út í æsispennandi næturleik. Í honum komu fyrir undarlegustu hlutir og persónur eins og til dæmis svartklædda konan, eitradir sveppir, sólgudinn í Svartaskógi og fleira. Þegar leiknum lauk var farið inn að syngja og draugasögur sagðar fyrir þá sem ekki voru þegar sofnaðir.

Þegar Bjössi félagsforingi vakti okkur voru nú flestir sem vildu lúra örlítið lengur en það var ekki tekið í mál. Um morguninn var rætt meira um verkefni félagsins framundan og svo var farið í hellaleiðangur. Ætlunin var að finna helli sem gengur undir nafninu Fálkahellir. Loksins fannst hellir-

inn eftir nokkra leit og var byrjað að fíkra sig niður í hann. Þegar allir voru komnir niður var byrjað að kveikja á kertum og kyndlum sem voru meðferðis. Þá blöstu við undur og stórmerki því hellirinn var fullur af grýlukertum sem náðu frá lofti og næstum niður á gólf. Sums staðar voru líka grýlukerti sem höfðu vaxið upp úr gólfinu, því þar hafði vatn lekið niður og hlaðist upp. Á öðrum stöðum var samfelld íssúla frá gólfi í loft. Eftir mikinn könnunarleiðangur og miklar myndatökur var haldið í átt að opinu. Þegar upp var komið var labbað í skálann og tók það tæpan hálf tíma. Þegar þangað var komið var snætt og að því loknu var skálinn skrúbbaður og hreinsaður. Þá tók fótboltinn við og hörkuleikur var spilaður á svelli miklu, þar sem fótboltavöllurinn er á sumrin. Hægt er að segja að sjaldnast fóru menn í sömu átt og boltinn og varð úr þessu meiri háttar grín.

Eftir að betra liðið hafði unnið glæstan sigur var haldið heim á leið, allir hressir og kátir.



Gunnar Gunnarsson
Kjartan Reinholdsson
Þorsteinn Fransson

Skátafélagið Vífill 20 ára í apríl í fyrra.

Skátafélagið Vífill átti tuttugu ára afmæli á sumardaginn fyrsta í fyrra. Þann dag var mikið um að vera og byrjaði afmælisdagurinn á skátamessu í Garðakirkju eins og venjan er á sumardaginn fyrsta. Þar voru vígðir inn í félagið nýjir meðlimir og einnig veitti skátahöfðingi Íslands viðurkenningar til nokkra skáta fyrir vel unnin störf. Að messu lokinni var haldin skrúðganga sem endaði við skátaheimilið og var þar margt um dýrdir. Byrjað var með fánaathöfn og íslenski fáninn dreginn að húni. Búið var að setja upp þrautabraut og koddaslaginn sívinsæla og varð strax allt fullt af hressum krökkum úr Garðabæ sem voru tilbúin að skíta út sparifötin sín. Inni var hægt að skoða skátaheimilið og fá sér kaffi og kökur. Var mjög margt um manninn og má segja að eini gallinn hafi verið vedrið því ekki var það nú beint sumarlegt. Þegar búið var að ganga frá öllu við skátaheimilið var farið upp í safnaðarheimilið Kirkjuhol því þar fór fram móttaka gesta og haldið upp á afmælið sjálft með mikilli viðhöfn. Þar komu rúmlega 250 gestir og voru þar á meðal eldri skátar úr Vífli, Bæjarstjórn Garðabæjar, stjórn Bandalags íslenskra skáta, Hjálparseitin og fulltrúar þeirra fyrirtækja sem styrkt hafa Vífil í gegnum árin. Í byrjun var rakin saga félagsins frá upphafi og einnig var sýnt myndband, sem félagið fékk að gjöf, og var það frá tíu ára afmæli félagsins og vakti það mikla kátínu viðstaddra. Viðurkennigar voru veittar til þeirra sem unnið höfðu að breytingum á skátaheimilinu og til þess flokks sem vann flokka-keppni félagsins og einnig voru aðrir heiðraðir með gullmerki félagsins. Þá var Bæjarstjórnin gerð að meðlimum félagsins og fengu þau sértaklega gerðar peysur með merki félagsins auk skírteinis um að þau væru fullgildir meðlimir Vífils. Inn á milli komu flokkar úr félaginu með skemmtatriði og vöktu þau mikla lukku þótt misvel

hafði greinilega verið æft undir þau.

Skátafélaginu var afhent mikið af gjöfum og ber hér að endurtaka þakkir fyrir þær og mikinn hlýhug til félagsins.

Eftir að afmælishófinu var lokið í Kirkjuholi var farið í félagsmiðstöðina Garðalund en þar var um kvöldið haldin mikil kvöldvaka og skátaball. Þangað komu tæplega 400 skátar frá "Stór-Garðabæjarsvæðinu" eins og við köllum stundum höfuðborgarsvæðið og skemmtu allir sér konunglega.

Þegar það var búið var ekki laust við að skátarnir úr Vífli væru orðnir dálítið þreyttir enda erfiður

dagur liðinn.


Ekki var afmælið alveg á enda því í vikunni á eftir voru flest allir gamlir foringjar félagsins boðaðir út í skátaheimili á kvöldvöku ásamt fleirum góðum gestum. Þar var heilmikið fjör þótt ekki hefðu allir komist á staðinn vegna anna. Flokkarnir skemmtu með leikatriðum og voru þau sum all svakaleg. Höfðu þó allir gaman að og á eftir var skátakakóið drukkið og kexinu gerð góð skil.

Eftir allt þetta var afmælishátíð félagsins á enda og var það mál manna að vel hefði til tekist.

Nú er bara að bíða og sjá hvernig þrjátíu ára afmælið verður!



Skátaskálinn Vífilsbúð í Heiðmörk.



Skátafélagið Vífill hefur átt útileguskála í landi Oddfellowreglunnar í allmörg ár.

Skálinn sem ber heitið Vífilsbúð nýtur alltaf jafnmikilla vinsælda er það ekki bara innan félagsins.

Flest allir flokkar Vífils hafa farið í útilegur þangað í vetur og einnig eru margir flokkar úr öðrum

félögum sem koma með Vífilstaðastrætó og labba upp í Vífilsbúð frá Vífilsstöðum.

Umsjón og varsla er í höndum sex manna skálanefndar, sem einnig sér um viðhald og rekstur skálans.

Sífelld er verið að betrubæta skálann og er hann orðinn mjög

vistlegur og skemmtilegur.

Umhverfi skálans er mjög hentugt og skemmtilegt fyrir hvers kyns skátastarf og hafa skátamót félagsins, svokölluð Vífilsmót verið haldin þar frá upphafi.

Skálastjórnin.

ÞAÐ EINFALDA REYNIST OFT BEST

Bankabréf Iðnaðarbankans gefa háa ávöxtun á einfaldan og aðgengilegan hátt.

- Kaupin eru eins fyrirhafnarlítill og mögulegt er og ársávöxtun er nú 10.2% umfram verðbólgu.
- Nafnverð Bankabréfa er 50 þúsund kr. Ef þig vantar á þá fjárhæð gefur bankinn þér möguleika á góðum sparnaðarleiddum að markinu.
- Bankabréfin hafa mismunandi gjalddaga – allt eftir því hvað þú vilt ávaxta peningana þína lengi. Stystu bréfin eru leyst út í apríl nk. Og þú getur fengið upphæðina lagða inn á reikninginn þinn sjálfkrafa þér að kostnaðarlausu.
- Þú getur leyst bréfin út, hvenær sem er gegn 1% innlausnargjaldi, ef nauðsyn krefur.



Iðnaðarbankinn

HÖRGATÚNI · GARDABÆ

Myndir úr starfi Vífils síðastliðið ár.



Svína- kjöts- útsala

1/2 svínaskrokkar

11.970 kr.

30 kg á 399 kr. kg tilbúnir í
frystinn. Hvergi lægra verð.

Pantið tímanlega, s. 622511 – 656400

Allt nýslátrað
og það tvisvar
í viku

Pantið
tímanlega
s. 622511 –
686511
656400



Svínalæri	485 kr. kg.
Svínabógar	465 kr. kg.
Svínahryggir	775 kr. kg.
Svínakótilettur	869 kr. kg.
Svínahnakki m/beini	595 kr. kg.
Svínasnitichel	937 kr. kg.
Svínagullasch	780 kr. kg.
Svínalundir	998 kr. kg.
Svínaspekk	125 kr. kg.
Svínaskankar	135 kr. kg.
Svínalifur	160 kr. kg.
Svínahnakkafillet	720 kr. kg.
Svínahamb.hr.	1290 kr. kg.



KJÖTMIDSTÖÐIN Laugalæk 2. s. 686511

Garðabæ s. 656400

Grípið tækifærið

Okkar ljúff. hangikj. læri,
aðeins **537** kr. kg.
Frampartar **375** kr. kg.
Útb. hangilæri **865** kr. kg.
Útb. hangiframpartar
595 kr. kg.
London lamb, læri útb.,
aðeins **595** kr. kg.